

Forboðna tilraunin

Ef eitthvað er að marka mannkynssöguna hafa ýmsir menn velt því fyrir sér hvaða tungumál væri upprunalegt. Til að skera úr um það hafa sumir þeirra sett börn á máltökuskeiði í einangrun. Það gefur nefnilega augaleið, fannst þeim a.m.k. að börn sem heyra ekkert tungumál hljóta að læra að tala það tungumál sem upprunalegt er. Nútímamenn kalla slíkar rannsóknir *forboðnu tilraunina* vegna þess að með því að einangra börnin er verið að svipta þau hlýju, ástúð og umgengni við aðra menn sem eru mannum, sem tegund, lífsnauðsynleg.

Frá einni þessara tilrauna segir gríski sagnaritarinn Herodótus (sjá líka *Tungutak* bls. 31). Egypski faraóinn Psamtik I. Vildi komast að því hvaða tungumál væri hin eiginlega frumtungu. Hann setti tvö börn í einangrun og einu mannlegu samskiptin sem þau fengu voru við þræl eða ambátt sem gaf þeim að borða. Niðurstaðan var sú að frýgíska væri upprunalega málið vegna þess að börnin notuðu orðið *bekos* sem þýðir 'brauð' á frýgísku (Frýgía var rómversk nýlenda og var þar sem hluti Tyrklands er núna). Seinni tíma menn hafa skýrt þetta með því að um menn hafi verið að túlka það sem börnin böbluðu, þ.e. þau hafi sagt eitthvað sem hljómaði eins og *bekos*. Aðrir hafa getið sér þess til að þrællinn/ambáttin, sem færði þeim mat, hafi verið af frýgískum uppruna.

Rómverski keisarinn Friðrik II. sem var uppi á 13. öld á að hafa einangrað ung börn til að skera úr um hvort náttúrulegt tungumál væri til og taldi hann að með því gæti hann fundið út hvaða tungumál Guð gaf Adam og Evu. Taldi hann líklegt að upprunalega málið væri hebreska, gríska, latína eða arabíska. Munkurinn Salimbene di Adam skráði niðurstöðurnar í annála sína. Þar kemur fram að fóstrur voru hvattar til að hugsa um líffræðilegar þarfir barnanna, gefa þeim brjóst og baða þau en máttu ekki tala við þau á neinn hátt eða sýna þeim ástúð. Rannsóknin fór fyrir lítið þar sem börnin þrífust ekki án mannlegra samskipta og dóu.

Skoski konungurinn James IV., sem uppi var á 15.-16. öld, er sagður hafa sent tvö börn á afskekktu eyju, Inckeith, í umsjón mállausrar konu, til þess að komast að því hvort tungumál væri meðfætt eða lærð hegðun. Börnin eru sögð hafa talað góða hebresku eftir dvölinu en sagnfræðingar drógu niðurstöðu hans fljótt í efa. Indverskur konungur Akbar I. á að hafa endurtekið tilraunina og komist að þeirri niðurstöðu að samhengi væri milli heyrnar og talmáls, þannig að börn sem aldrei heyrðu talað mál yrðu mállaus.